

Leikskólinn Goðheimar formlega vígður



Lóðin er heilmikil ævintýraveröld fyrir börn á öllum aldri. Fram kom í máli Örnú Írar að nærsamfélagið allt nýti góðs af svo vel heppnuðu umhverfi til samverustunda og leikja.

Föstudaginn 27. ágúst sl. var leikskólinn Goðheimar á Selfossi formlega vígður. Leikskólinn þykir einstaklega vel heppnaður bæði að innan sem utan. Það var snemma árs árið 2019 sem undirbúningur var hafinn að byggingu skólans. Þann 19. desember sama ár var tekin skóflustunga að skólanum sem er sex deilda leikskóli. Alls er skólinn um 1.100 m² en lóðin er alls 7.050 m². Skólinn opnaði

að hluta, 3 deildir í mars 2021, en er nú tilbúinn. Í framhaldi verður hafist handa við að opna fleiri deildir og setja starfið af stað. Í máli Sigríðar Birnu Birgisdóttur, leikskólastjóra Goðheima, kom fram að starfsfólk og nemendur væru afar ánægð með hvernig til tókst með hönnun og framkvæmdir á leikskólanum og allir hefðu lagst á eitt um að gera húsnæðið og umhverfið væri sem best úr

garði gert. Gísli Halldór Halldórsson sagði í ræðu sinni: „Það sést svo vel hér í dag, hvernig allir þeir sem komu að starfinu, allt frá kjörnum fulltrúum og nefndarstörfum, yfir í þá vinnu sem unnin hefur verið við framkvæmdina ásamt eftirliti með henni, hversu gríðarlega allir hafa vandað til. Ég held að það sé ekki úr vegi að færa innilegustu þakkir til allra þeirra sem að komu.“
-gpp



Arna Ír Gunnarsdóttir klippir á borðann. Á myndinni eru að auki f.v. Þorsteinn Hjartarson, Gísli Halldór Halldórsson, Altí Marel Vokes, Sigríður Birna Birgisdóttir, Margrét Björk Björgvinsdóttir og Anna Gína Aagestad.

Hólmsá friðlýst gegn orkuvinnslu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði friðlýsingu efsta hluta vatnasviðs Hólmsár gegn orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).



Hólmsárlón.

Hólmsá kemur upp í Hólmsárbotnum suðaustur af Torfajökli. Í hana falla miklar lindir, þar á meðal Brytalækir að vestan og eins jökulkvíslar undan Mýrdalsjökli. Áin rennur víða í gljúfrum og í henni eru fjölmargir hólmar og nokkrir fossar, þ.m.t. Axlarfoss.

Ýmsar virkjunarhugmyndir hafa komið fram varðandi Hólmsá og fengið umfjöllun í rammaáætlun. Einn þeirra virkjunarkosta náði til efsta hluta vatnasviðs árinna en Alþingi ákvað árið 2013 að hann skyldi fara í verndarflokk áætlunarinnar. Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið efsta hluta Hólmsár gegn orkuvinnslu

í samræmi við ákvörðun Alþingis. Friðlýsingin nær ekki til alls vatnasviðsins vegna hugmynda um virkjanir neðar í ánni sem eru í biðflokki rammaáætlunar. Friðlýsta svæðið er 196 km² að stærð og nær ekki til annarra þátta en orkuvinnslu með vatnasfli.

„Ég fagna því mjög að þessum áfanga er náð enda er um stórkostlega náttúru að ræða á þessu svæði sem sómir sér mun betur vernduð en virkjuð. Þar með eru perlur eins og Hólmsárlón, Brytalækir og Axlarfoss komnar í var fyrir virkjunaráformum á hálendinu,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra.

Rúta festist í Krossá og þrjátíu bjargað



Björgunarsveitir frá Suðurlandi voru kallaðar út 27. ágúst sl. Rúta með þrjátíu farþegum innanborðs festist í Krossá á leið sinni í Húsadal. Skálaverðir og björgunarsveitarmenn sem voru á svæðinu vegna annarra verkefna tókst að ná fólkinu í land, en málið leit ekki vel út í upphafi að sögn. Í tilkynningu frá Ferðafélagi Íslands kom fram að miklir vatnavextir hefðu verið að Fjallabaki og á Þórsmörkumsvæðinu og ferðafólk hvatt til að fara varlega. Mynd: FÍ.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

ÚTSÖLULOK

**MEIRI
AFSLÁTTUR**

**GOTT ÚRVAL
AF BUXUM Á
ÚTSÖLUNNI**

**NÝJAR VÖRUR
STREYMA INN**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Aldrei fleiri nýnemar í FSu

Þrátt fyrir veirufaraldur fer skólastarf í FSu vel af stað. Bjart er bæði yfir nemendum og starfsfólki og fjölbreytni og kraftur ríkir í skólastarfinu. Segja má að miðrými skólans í aðalbyggingunni Odda sé vel hannað til að höndla þær ráðstafanir sem grípa þarf til en bæði er þar hátt til lofta og vött til veggja. Að sögn Sigursveins Sigurðssonar aðstoðarskólameistara eru skráðir nemendur í dagskóla 910 og þar af 261 nýnemi „sem er metfjöldi nýnema frá upphafi skólastarfs í FSu. Heildartala nemanda í gegnum árin hefur farið yfir eitt þúsund en nýnemar hafa aldrei verið eins margir.“ Skýringuna segir Sigursveinn liggja helst í fjölmönnum árgöngum og að mikil fjölgun eigi sér stað á upptökusvæði skólans og sérstaklega á Selfossi. Við FSu starfa nú rúmlega eitt hundrað manns þar af 75 kennarar.

„Kvöldskólinn hóf starfsemi sína í vikunni en hann er nýjung til að svara eftirspurn um nám í anda gömlu öldungadeildarinnar. Við byrjuðum um áramótin með einn hóp í rafvirkjun og annan í húsasmíði. Þetta er viðbót við hefðbundið

skólastarf og eflir menntun í héraði.“

Grímuskylda er í skólanum í samræmi við tilmæli opinberra aðila. Skólum er þó leyft að sleppa grímunotkun í ákveðnum rýmum en Sigursveinn leggur áherslu á „að betra sé að nota grímu meira en minna. Nemendur mæta þessum aðstæðum af æðruleysi og skilningi“ segir hann og undirstrikar samtakamáttinn. „Vissulega hefur þessi faraldur neikvæð áhrif á félagslífið sem er stór hluti af því að stunda nám í framhaldsskóla en vandinn er ræddur og leystur á fundum skólaráðs sem er samráðsveitvangur stjórnenda, kennara og síðast en ekki síst nemenda.“

Að síðustu má geta þess að stórum hátíðahöldum í tilefni af fjörutíu ára afmæli skólans þann 13. september næstkomandi verður frestað um óákveðin tíma en þess í stað athyglinni beint að smærri viðburðum. Sagt er skóli eigi að rúma fjölbreytni, sköpunargleði og upplýsingum og það má svo sannarlega segja um FSu á fjörutíu ára ferli hans.

Listnám og sýning myndlistarnema FSu

Myndlistarnemar FSu halda nú áfram uppteknum hætti að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Það eru nemendur í framhaldsáföngum sem fá hjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í áföngunum Myndlist og Straumar og stefnur á þriðja þrepi sem sýna í Listagjanni á Bókasafni Árborgar 10. - 30. september. Verkin eru unnin á vorönn 2021.

Í áfanganum Myndlist eru tekin fyrir nokkur myndefni, uppstilling, andlit og fantasíur og þau unnin í fjölbreytta stíla og með fjölbreyttum aðferðum.

Í áfanganum Straumar og stefnur er unnið með nokkrar fagurfræðilegar kenningar, innihald verka og útlit. Í báðum áföngum eru lokaverkefni með öllum þáttum og þá er málað með akrýl á striga.

Það er margt á seiði á listalínu FSu og áhugi nemenda mikill

Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldra fólk með



áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp. Meðal hins mikla úrvals af skapandi áföngum sem boðið er upp á í FSu ásamt myndlist má nefna stafræna smíðju, Fablab, kvikmyndun, leiklist, textíl hönnun, grafíska hönnun og grafíska miðlun.

Veggjalistinn er sýning sem alltaf er opin áhorfendum en veggurinn við bílastæði skólans var allur endurnýjaður vorið 2020. Nemendur og kennarar í myndlist lögðust á eitt og útkoman er frábær útmyndlistarsýning. Það er líka

gaman að segja frá því að fyrrum nemandi okkar á listalínunni, Þórunna Ýr Guðgeirsdóttir vinnur nú að veggjalist víðs vegar um Selfoss.

Það er stefna okkar að miðla verkum nemenda sem víðast og til þess höfum við vefsíðu á Facebook sem heitir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Þar má sjá úrval verka úr þeim áföngum sem við kennum. Bæði þjónar síðan sem kennsluefni og ekki síður fyrir listunnendur að njóta.

Myndlistarkennarar FSu,
Lísa og Ágústa.

Fyrsta skóflustunga að nýjum leikskóla á Hvolsvelli

Fyrsta skóflustungan fyrir nýja leikskólabyggingu á Hvolsvelli var tekin fimmtudaginn 27. ágúst sl. Þau Lilja Einarisdóttir, ágeitarstjóri, Anton Kári Halldórsson, oddviti og Sólbjört S. Gestsdóttir, leikskólastjóri sáu um að taka þessa skóflustungu en þau voru þó alls ekki ein um verkið þar sem allir nemendur leikskólans voru mættir með skóflu í hönd og voru þau komin vel á veg með jarðvinnuna áður en yfir lauk. Börnin sungu einnig tvö lög sem þau voru búin að æfa fyrir tilefnið.

Leikskólinn verður 8 deildir en þó með möguleika á því að stækka upp í 10 deildir svo það verður vel rúmt um alla. Gert er ráð fyrir að hægt verði



að taka á móti 180 börnum þegar hann verður tilbúinn í byrjun árs 2023. Nýja leikskólabyggingin er staðsett við Vallarbraut og þá verður allt skóla- og íþróttasvæði á sama stað. Það er Páll V. Bjarnason

sem hannar leikskólann ásamt Ólöfu Pálsdóttur og Spesían sér um jarðvegsvinnu fyrir bygginguna og voru þau Páll og Ólöf ásamt Lárusi Svanssoni frá Spesiunni viðstödd þessa fyrstu skóflustungu.



Við gerum það sem við segjumst ætla að gera

Suðurkjördæmi

1. sæti – Birgir Þórarinnsson 2. sæti – Erna Bjarnadóttir

Þú færð allt fyrir
GÖNGUR & RÉTTIR
 HJÁ FÓÐURBLÖNDUNNI

KÍKTU Á ÚRVALIÐ Á
WWW.FODUR.IS



FRÍ HEIMSENDING Á PÖNTUNUM YFIR 30.000 Í VEFVERSLUN - gildir í póstnúmer 101-371 og 800-881

FB
 FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
 Korngarðar 12
 570 9800

FB Verslun Selfoss
 Austurvegur 64 a
 570 9840

FB Verslun Hvalsóllur
 Dufþaksbraut 1
 570 9850

Opnunartími verslana:
 Virka daga: 9:00-18:00
 Laugardagar: 10:00-14:00 á Hvalsóvelli

Fjórðungur ungra kvenna undir miklum þrýstingi að senda myndir af sér á netinu

Í nýrri skýrslu sem Fjölmíðlanefnd gaf út kemur fram að konur á aldrinum 15-17 ára voru sá hópur sem var langlíklegastur til þess að hafa upplifað að vera þvingaður til að senda myndir af sér eða aðrar persónulegar upplýsingar, þar sem 23,9% sögðust hafa lent í þeim aðstæðum á síðustu 12 mánuðum. Til samanburðar höfðu 6,3% karla á aldrinum 15-17 ára upplifað þessar aðstæður og 0,6% 18 ára og eldri. Þá höfðu 17,9% kvenna á aldrinum 15-17 ára lent í því að myndir eða myndskleið af þeim hafi verið birt á netinu í óþökk þeirra. Í hópi 15-17 ára karla var hlutfallið sömuleiðis hátt þar sem 13,8% höfðu lent í þeim aðstæðum, en meðaltalið í öðrum aldurshópum (18 ára og eldri) var 2%. „Þessar niðurstöður draga upp grafalvarlega mynd af því umhverfi sem ungt fólk og þá sérstaklega ungar konur búa við á netinu í dag. Meginmarkmið könnunarinnar er að búa til ramma fyrir stefnumótun á sviði miðlalæsis svo að hægt sé að bregðast við með aðgerðum til



úrþóta. Hér sjáum við svart á hvítu óviðunandi ástand og hóp sem þarfnast aðstoðar sem allra fyrst,“ segir Skúli Bragi Geirdal verkefnastjóri miðlalæsis hjá Fjölmíðlanefnd.

Rennir stoðum undir áhyggjur barverndarstarfsfólks

Í skýrslu Fjölskyldusviðs Árborgar kom fram að áhersla sé á málaflökkinn hjá Sveitarfélaginu Árborg. „Nú í vor fór barnavernd, ásamt lögreglu í alla 7. 8. 9. og 10. bekki í grunnskólum Árborgar með fræðsluerindi sem sneri sérstaklega að stafrænu kynferðis- ofbeldi. Umræðan var þörf að

okkar mati og rennir skýrsla Fjölmíðlanefndar stoðum undir þá ógn sem við teljum ungt fólk standa frammi fyrir á samfélagsmiðlum. Við hvetjum foreldra til þess að kynna sér skýrsluna og ræða málin við börnin sín ásamt því að fylgjast með hegðun barna sinna á samfélagsmiðlum. Ef grunur vaknar um að barn hafi orðið fyrir stafrænu kynferðislegu ofbeldi er ávallt hægt að leita beint til barnaverndar eða lögreglu en mikil samvinna ríkir þar á milli varðandi málefni barna,“ segir Anna Rut Tryggvadóttir, teymisstjóri Barnaverndar í Árborg.

-gpp

Ekið á barn á reiðhjóli

Alls voru 78 kærðir fyrir hraðakstur. Sá sem hraðast ók var mældur á 141 km/klst. Sektin var 150 þúsund krónur sem ökumaðurinn greiddi á staðnum og fékk þar af leiðandi 25% afslátt. „Lögreglunni hefur verið tíðrætt um hættur þess að aka of hratt og er sú vísa sjaldan of oft kveðin. Þess má geta að þegar ekið er á 141 km hraða ferðast bíllinn tæpa 40 metra á hverri sekúndu. Meðal ökumaður er einmitt um 1 sekúndu að bregðast við hættu sem hann sér, þ.e. frá því að hann skynjar hættuna þar til hann byrjar að bregðast við s.s. með því að hemla.“

Stútar undir stýri

Sjö ökumenn voru stöðvaðir vegna gruns um að hafa ekið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og munu þeir væntanlega fá sekt og sviptingu ökuréttinda verði niðurstaða blóðrannsóknar þeim í óhag. „Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur ítrekað



bent á að akstur undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna sé stór þáttur, ásamt hraðakstri, í banaslysum í umferðinni. Það er því mikið áhyggjuefni að í hverri viku séu þessir hópar svo fyrirferðamiklir í dagbók lögreglu.“

Níu umferðarslys og ekið á barn

Alls voru níu umferðarslys tilkynnt til Lögreglu með mismiklum slysum á fólki. Í einu

tilfelli var ekið á barn á reiðhjóli í austurhluta umdæmisins. Barnið slapp án meiðsla. „Nú fer sá tími í hönd að skólar eru að byrja í umdæminu. Það er því vert að brýna fyrir ökumönnum að huga vel börnum á leið í skóla, bæði gangandi og á reiðhjólum. Þá viljum við minna foreldra og forráðamenn barna að spenna börn í bílbelti eða bílstóla, jafnvel þó leiðin sé „bara örstutt“ í skólann.“



Matgæðingar vikunnar er Gústav Þór Stolzenwald.

Ég vil þakka þeim Stefni og Stíg fyrir áskorunina, sem kom mér í nokkuð opna skjöldu. Til að launa þeim grikkinn langar mig að vera með uppskrift að salati sem er ekki þeirra uppáhald eða sérgrein. Þeirra vegna hef ég þó kjöt með.



Kjúklingasalat

Úrbeinuð kjúklingalæri
Lambhagasalat
Gúrka
Tómatar
Paprika
Rauðlaukur
Þurrkaðar gráfíkjur
Bláber
Baconsneiðar (Harðsteiktar)
Fetaost og olía sem dressing

Þetta er svo skolað og skorið skynsamlega.

Úrbeinuð kjúklingalærin eru svo grilluð í ca. 15 mínútur, krydduð með pipar, arabísku kjúklingakryddi, chilipipar og salti. Stefni og Stígur hefðu viljað kartöflur og smjör með þessum rétti, en ég mæli heldur með hrísgrjónum og sojasósu.

Mig langar til að þakka enn frekar fyrir áskorunina, og stela einni uppskrift úr útkomnu- bókinni þeirra „Réttir réttir“ sem þeir stálu leynt og ljóst frá mér.

Réttir réttir „Heimsmets hafragautur“

Stígur í Minnaviti hlustaði á vinkonu sína segja ektamanni sínum frá viðtali við heimsmestarann í hafragautargerð. Keppni sem haldin var í Skotlandi 2017, þegar þessi hlerun fór fram. Þar sem Stígur er minnis-lítill frekar en laus, þá náði hann allra heilla að muna eitthvað af því sem fram fór að eigin

dómi. Þar sem þetta er haft eftir Stíg sjálfum í Minna-viti má næstum ætla að þetta sé hans uppskrift að mestu leiti.

Uppskrift fyrir 2 (Stíg og Stefni):

Einn kaffibolli fínt haframjöl
Þrír kaffibollar íslenskt vatn
Dass af salti, má vera minna

Blandið saman öllu ofangreindu og látið standa 28 mínútur og 20 sekúndur.

Setjið þá blönduna á heita hellu og byrjið að hræra og hræra og hræra þar til grauturinn er tilbúinn. Þegar þessi Skoski nýkrýndi meistari var spurður út í, hvað það hafi verið sem skipti sköpum í sigrinum, þá sagði hann einmitt þetta. Hræra og hræra og hræra, það man ég þó sem ég heiti Stígur frá Minna-viti.

Meistaragautinn vil ég mæra meira af honum ávallt vil bara þarf að hræra og hræra og hræra meira en af og til

Sjóðist í örfáar mínútur, til dæmis tvær og hálf.

Borðist með kanil/púðurskyrböndu, rúsínum og rjóma. Ekki sakar að hafa sneið af lifrapylsukepp með ef dagsverkið er stórtækt framundan.

Þessi er betri ef hann er góður.

Ég skora á Elínu Hjartardóttur Stolzenwald að vera næsti matgæðingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Eva Björk nýr iðjubjálfi á HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsti á dögunum eftir iðjubjálfa við stofnunina. Gengið hefur verið frá ráðning við Evu Björk Birgisdóttur, iðjubjálfa. „Starfið er samvinnuverkefni HSU og nágrannasveitafélaga í þjónustu við börn og ungmennt og í málefnum fatlaðra,“ segir meðal annars í tilkynningunni. Eva Björk tekur við af Ragnheiði Lúðvíksdóttur en stofnunin þakkar Ragnheiði fyrir vel



unnin störf ásamt því að bjóða Evu Björk velkomna til starfa.

-gpp



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.300 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Ármann Dalmanncsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Vatnsföturnar voru mér til vinstri og hægri.
Í heimreiðum ég hlýt að vera.
Hold þitt verð ég allt að bera.

Svar við gátu í blaði 2612: BJARG

1. Bjargsig - 2. Bjargvættur
3. Bærinn Bjarg



BREYTINGAR Á DREIFINGU DAGSKRÁRINNAR

Frá og með 1. september nk. verður Dagskránni ekki lengur dreift inn á hvert heimili á Suðurlandi.

Leiðir til að fá Dagskrána

- 1 Í blaðakössum á Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka.
- 2 Í öllum helstu þjónustustöðum á Suðurlandi.
Öllum helstu matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
- 3 Send heim að dyrum.
Hægt er að sækja um þjónustuna inni á dfs.is/dreifing eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.

Hægt er að lesa nánar um breytingar á dreifingarmálum Dagskrárinnar í fréttatilkynningu sem birt var á dfs.is.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
dfs@dfs.is
www.dfs.is



Fjármála- og trygginga- ráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í útibúum Arion banka á Höfða, Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund á arionbanki.is.





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Hausferð FEB á Selfossi

Verður farin í boði Gumundar Tyrfingssonar, með þeim fyrirvara að Covid 19 leyfi.

Brottför 14. september frá Grænumörk kl. 13 og ekið á Þingvöll, þar sem landvörðurinn Torfi Stefán Jónsson tekur á móti hópnum ásamt Laufeyju, sem býður upp á kaffi og meðlæti.

Sýningin Hjarta lands og þjóðar verður í boði, fyrirlestur Torfa Stefáns og gönguferð niður Almagnagjá fyrir þá sem treysta sér.

Bókanir í ferðina þurfa að berast fyrir 10. September í Grænumörk 5 og hjá nefndinni.

Sírrý sími 863 7133, Helgi sími 860 732 og Ingibjörg sími 864 197.

Athugið að þátttakendur eru á eigin ábyrgð.



Vélamaður óskast

Eldisstöðin Ísbór hf, í Þorlákshöfn leitar eftir vélamanni til að vinna í laxaseiðastöð félagsins.

Helstu verkefni:

- Minniháttar viðhald á búnaði félagsins
- Samskipti við verktaka í stærri viðhalds verkefnum
- Önnur tilfallandi störf í samráði við Stöðvarstjóra

Hæfniskröfur:

- Búseta helst í Ölfus eða nágrenni
- Reynsla af viðhaldi vegna vélbúnaðar og vélstjórn

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Ólafsson framkvæmdarstjóri í síma 621 2345 eða toti@isthor.is

Hvolpasveitarpeysa

Hvolpasveitin nýtur mikilla vinsælda meðal leikskólabarna og þau vilja mörg eiga peysu með uppáhalds hvolpinum sínum. Vegna fjölda áskorana birtum við aftur uppskrift að peysu með mynd af Bessa. Uppskriftin er ætluð börnum 2- 6 ára. Peysan er prjónuð úr Spuna, merinoull frá Ístex sem fæst í Hannyrðabúðinni á Selfossi. Þetta garn má þvo í þvottavél sem kemur sér vel þar sem börn eru. Grunnliturinn hér er rauður, en vel má prjóna peysuna í öðrum litum. Mynstur af öllum hinum hvolpunum fást líka í Hannyrðabúðinni.

Stærðir: 2 - 4 - 6 ára.

Efni: 2 - 3 - 4 dk rautt, 1 dk af gulu, ljósgráu, dökkgráu og hvítu í allar stærðir.

Prjónar no 3,5 og 4,5 - 60 cm, ermprjónar no 3,5 og 4,5. Prjónamerki, prjónanælur.

Uppskrift:

Bolur: Fitjið upp 108 - 116 - 128 l á prjóna no 3,5 með dökk gráum lit og prjónið brugðning 2 sl, 2 br eina umferð. Skiptið yfir í rautt garn og prjónið áfram brugðning 2 umf, skiptið þá í gult og prjónið 2 umf, svo 2 rauðar, 2 gular og loks eina rauða umferð. Skiptið yfir á prjóna no 4,5 prjónið áfram slétt með rauðu garni en aukið í fyrstu umferð um 4 - 6 - 10 lykkjur jafnt yfir hringinn (alls 112 - 122 - 138 lykkjur á prjóninum). Prjónið þar til bolurinn mælist 26 - 29 - 32 sm. Setjið síðustu 3 l á undan á prjónanælu, prjónið 56 - 61 - 69 l setjið síðustu 3 l á nælu, prjónið 53 - 58 - 66 l. Leggið bolinn til hliðar og prjónið ermar.

Ermar:

Fitjið upp 24 - 28 - 32 l með dökk gráum lit á prjóna no 3,5, prjónið brugðning 2 sl, 2 br, eina umferð með gráu, 2 umf rauðar, 2 gular og 2 rauðar. Skiptið yfir á prjóna no 4,5, aukið í fyrstu umferð um 2 l við upphaf og lok umferðar. Prjónið áfram slétt en aukið um 2 l á 5 umferða fresti 4 - 5 - 5 sinnum, svo á 6 umferða fresti þar til alls eru 46 - 50 - 54 l á prjóninum. Prjónið þar til ermi mælist 23 - 27 - 30 - sm. Setjið fyrstu 2 og síðustu 1 l umferðar á hjálparnælu. Prjónið aðra ermi eins.



Axlastykki:

Sameinið nú bol og ermar á hringprjón no 4,5 og prjónið 1 - 2 - 3 umferðir með rauðu (192 - 210 - 234 l á prjóninum).

Prjónið því næst samkvæmt mynstri 1. Prjónið 1 - 1 - 2 umf hvítar athugið að í stærðum 2 og 6 eru 2 l teknar saman 3 sinnum jafnt yfir umferðina, ekki er fækkað lykkjum í stærð 4 (189 - 210 - 231 l á prjóninum).

Prjónið svo samkvæmt mynstri 2. Að því loknu eiga að vera 117 - 130 - 143 l eftir á prjóninum.



Prjónið samkvæmt mynstri 3 en takið 2 l saman 9 - 4 - 5 sinnum, jafnt yfir í fyrstu umferðinni (108 - 126 - 138 l á prjóninum). Að mynstri 3 loknu eiga að vera 72 - 84 - 92 l á prjóninum.

Skiptið nú yfir á prjóna no 3,5 prjónið eina umferð slétta og fækkið um leið um 12 - 14 - 12 l jafnt yfir umferðina. Prjónið nú brugðning 2 sl, 2 br, 2 umf rauðar, 2 gular, 2 rauðar, 1 dökk gráu, fellið laust af með gráum lit.

Lykkjið saman undir höndum. Gangið frá endum, athugið að gott er að kljúfa endana í þrennt og ganga frá hverjum hluta sér, þá ber minna á þeim í fráganginum.

Skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Þú lifir bara einu sinni!



Nú er komin sá tími þar sem kort í ræktina, megrunarkúrar, lifrarhreinsanir, detox og Ketó tekur völdin. Margir eru búnir að fá nóg af sukki sumarsins og hlakka til að mæta aftur í ræktina og breyta mataræðinu. Það er auðvelt að markaðssetja efni, námskeið og mataræði sem tengjast heilsufari og hreyfingu í september og janúar ár hvert. Það er sá tími sem fólk tekur sig á eftir sumarið og jólin. Fólk finnur til samviskubits og vill gera betur. Á vissan hátt finnst mér þetta sorglegt. Mér finnst ekki sorglegt að fólk vilji fara betur með líkama sinn heldur finnst mér sorglegt þegar fólk fer ekki betur með líkama sinn á réttum forsendum. Þú verður ekki endilega hamingjusamari þótt þú sért nokkrum kílóum léttari en borðar bara ákveðna tegund mataræðis. Það er mjög mikilvægt að hreyfa sig. Ekki misskilja mig. Við erum ekki gerð fyrir endalausa kyrrsetu. Líkaminn okkar vinnur líka betur ef hann fær rétta næringu. Við erum ekki gerð til að fylla líkama okkar af skyndibitamati og snakki. Þetta myndi hinsvegar allt ganga svo miklu betur ef við kæmum fram við okkur sjálf af virðingu. Ef við veldum það að hreyfa okkur og næra okkur vel af því að við elskum okkur sjálf. Við eigum bara einn líkama. Það er mikilvægt að fara vel með hann. Í síðustu viku var ég á leiðinni norður á Akureyri með dóttur minni. Við stoppuðum á Blönduósi og fylltum bílinn hennar af eldsneyti. Þegar við vorum komin nokkuð áleiðis spurði hún „Mamma, settirðu ekki örugglega bensín á bílinn“. Ég hló og sagði jú auðvitað. En það er ekkert auðvitað. Ég hefði alveg getað ruglast og sett disel á bílinn hennar þar sem ég er vön að setja disel á bílinn okkar. Ef ég hefði sett disel á bílinn hefði það orðið stórt vandamál. Stundum er okkur meira umhugað um hvað við setjum á bílinn okkar eða gefum gæludýrunum okkar að borða en okkur sjálfum.

Við þurfum að læra að hlusta á hvað líkaminn

okkar er að segja okkur til að átta okkur á hvaða mataræði hentar okkur best. Ég veit að ég fæ það í bakið ef ég fær mér rjómaís. Húðin á mér steypist út í bólum og ég dauðsé eftir því að hafa látið ísinn eftir mér. Það þýðir samt ekki að ég fái mér aldrei neitt óhollt.

Ég er sjálf hrifin af 80/20 reglunni. Ef maður nærir sig að mestu vel og gripur í eitthvað annað allt að 20% þá hefur það ekki verulega skaðleg áhrif. Rétt eins og það hefði ekki mjög skaðleg áhrif ef ég hefði sett smá Disel á bíl dóttur minnar, áttað mig stax á því og fyllt upp í rest með bensíni.

Ekki fara bara vel með líkama þinn í september og janúar. Farðu vel með líkama þinn alltaf. Ég veit sjálf að ég fer út úr rútínunni minni þegar ég fer í ferðalög, útilegur eða jólin koma en ég get samt valið vel þó svo ég sé ekki heima hjá mér. Í útilegunni okkar í sumar borðaði ég oftar nammi en þegar ég er heima hjá mér. Ég reyndi samt að velja vel. Þegar heim var komið tók rútínan aftur við og nammi var sjaldan á boðstólnum. Það er eins með hreyfingu. Hreyfing þarf ekki bara að vera bundin við það að mæta í ræktina. Þú getur stundað hreyfingu heima hjá þér eða úti í Guðs grænni náttúrunni. Þú veist þetta auðvitað allt. Þú veist hvað þarf að gera. Að vita er þó ekki nóg. Ég held að grunnurinn sé að við þurfum að læra að bera meiri virðingu fyrir okkur sjálfum. Læra að elska líkama okkar eins og hann er. Læra að bera svo mikla virðingu fyrir okkur sjálfum við við viljum fara með vel með þennan eina líkama sem okkur er gefinn.

Það hefur oft verið sagt! Þú lifir bara einu sinni! Mér finnst betra að orða þetta svona: „Þú lifir á hverjum degi en þú deyrð bara einu sinni!“ Farðu vel með þig og elskaðu sjálfa/n þig hvern dag. Það er einfaldara líf.

Gunna Stella

Panta tíma í ráðgjöf og/eda heilsumarkþjálfun - www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Tómas Ellert ráðin kosningastjóri Miðflokksins á landsvísu

Tómas Ellert Tómasson byggingarverkfræðingur og bæjarfulltrúi Miðflokksins í Svf. Árborg hefur verið ráðinn kosningastjóri Miðflokksins á landsvísu vegna alþingiskosninganna þann 25. september næstkomandi. Tómas Ellert hefur í störfum sínum sem bæjarfulltrúi leitt þá gríðarmiklu innviðauppbýggingu sem Svf. Árborg hefur unnið að á undanförunum árum og dylst engum sem átt hefur leið um Selfoss og nágrenni síðustu vikur og mánuði.

Tómas Ellert hefur jafnframt yfirgripsmikla þekkingu á mannvirkjagerð ásamt víðtækri reynslu af stjórnsýslunni í gegnum störf sín sem bæjarfulltrúi og sem fyrrverandi verkefnastjóri á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Miðflokknum er mikill fengur í að fá Tómas Ellert til starfa af fullum krafti í kosningabaráttuna framundan, ekki eingöngu vegna dugnaðar hans og elju, heldur líka vegna þekkingar hans á



innviðauppbýggingu sem nýtast mun við uppbyggingu þjóðarleikvanga og samgöngumannvirkja s.s. Sundabraut og öðrum samgönguæðum innan, og til og frá borginni og einnig endurreisn Reykjavíkurflugvallar.

Tómas Ellert skipar að auki 2. sæti Miðflokksins í Reykjavíkurborgardæmi norður.



Meirapróf í fjarnámi hefst 16. sept. á netinu

okuskoli.is - thrainn@okuskoli.is - 892 9594

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Sigurður Ingi
1. sæti



framtíðin ræðst á miðjunni!
XB

Hafdis Hrönn
3. sæti



framtíðin ræðst á miðjunni!
XB



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Sumarstarf Selfosskirkju

Í sumar var sú nýlunda í Selfosskirkju að boðið var upp á leikjánaðmskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Tvennskonar námskeið voru í boði, annað var fyrir krakka á aldrinum 6-9 ára og hitt var fyrir krakka á aldrinum 10-12 ára. Hvert námskeið var ólíkt því næsta þar sem áhugi barnanna réð dagskránni. Í upphafi var rætt hvað skyldi gera á námskeiðinu og námskeiðið skipulagt út frá því. Einn hópurinn vildi gera vísindatilraunir, á meðan annar hópur vildi fönndra, sumir vildu baka á meðan aðrir vildu fara upp í kirkjuturninn. Í lok hvers námskeiðs var farið í ratleik um kirkjuna og grillaðir sykurpúðar við mikinn fögnuð. Námskeiðunum var vel tekið og

var fullbókað á sum námskeiðanna, en alls tóku 43 þátttakendur þátt.

Vetrarstarfið senn að hefjast

Námskeiðin voru aðeins forleikur að því sem koma skal í vetrarstarfi kirkjunnar. Selfosskirkja heldur úti metnaðarfullu barnastarfi fyrir börn á öllum aldri. Sunnudagaskólinn er opin öllum en þar er mikið sungið, sagðar sögur og sýnd leikrit og jafnvel koma góðir gestir í heimsókn. Á þriðjudögum eru fundir fyrir 6-9 ára, og 10-12 ára krakka. Á fundum skipa leikir stóran sess, en auk þess eru margvísleg verkefni sem eru bæði skemmtileg og krefjandi. Barna- og unglingakór kirkjunnar æfir einnig á þriðjudögum.

um. Börnin hafa því tækifæri til að sækja barnastarfið samhliða kóræfingum. Smá pása verður á milli kóræfingar og barnastarfsins og þá verður létt hressing fyrir börnin í boði kirkjunnar.

Unglingarnir verða með æskulýðsfundi á mánudagskvöldum þar sem tekst verður á við stærri verkefni í bland við leiki og fjör. Ekki má gleyma því að þau allra yngstu eru velkomnir í kirkjuna á foreldramorgnum sem eru á miðvikudögum.

Það verður líf og fjör í kirkjunni í vetur og eru frekari upplýsingar og skráning í barnastarf og kóra Selfosskirkju að finna inni á heimasíðu kirkjunnar, selfosskirkja.is.

Bláskógaskóli Laugarvatni

Virðing • Vináttu • Gleði



Bláskógaskóli Laugarvatni er samrekinn leik- og grunnskóli sem staðsettur er í dásamlegri náttúruparadís.

Við auglýsum eftir leikskólakennara til starfa í öflugum leikskóla sem starfar eftir áherslum á lýðræði, samvinnu, útinám, félagsfærni og samstarfi á milli skólastiga.

Við leitum að einstakling sem:

- hefur brennandi áhuga á útinámi og útiveru
- er jákvæður og spenntur fyrir samstarfi
- að langar að þróa sig í stafi
- tekur jákvætt undir hugmyndir barna
- tekur ábyrgð í starfi
- er samvinnuþýður og til í að prófa sig áfram í starfi.
- á auðvelt með að aðlagast breytingum.

Við leggjum áherslu á að starfsmenn vaxi í starfi og að áhugi þeirra og gleði fái að njóta sín.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafi störf í síðasta lagi 1. október 2021.


Við erum að leita að einstaklingi sem getur unnið 100% starf.

Einnig er staða í eldhúsi leikskóladeildar/afleysingar inni á deild laus.

Um hlutastarf er að ræða með möguleika á auknu stöðuhlutfalli. Við óskum eftir fólki sem er lausnamiðað, sveigjanlegt og jákvætt. Sýnir gleði og samstarfsvilja í samskiptum við börn og starfsfólk.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hlökkum til að taka á móti áhugaverðum umsóknum. Horft er til meðmæla og reynslu ef ekki fæst menntaður leikskólakennari. Sendið umsóknir og fyrirspurnir á netfang skólastjóra Elfu Birkisdóttur elfa@blaskogaskoli.is eða hafið samband í síma 480-3030 til að fá frekari upplýsingar. Umsóknarfrestur er til 7. september 2021.





600 milljóna styrkur í loftslagsverkefni Carbfix og ON

Carbfix og Orka náttúrunnar, dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur, hafa hlotið styrk úr Nýsköpunarsjóði Evrópu-sambandsins (Innovation Fund) í verkefnið Silfurberg. Styrkurinn er einn sá hæsti sem veittur hefur verið til loftslagsverkefnis hér á landi og nemur um 3,9 milljónum evra, sem svara til tæplega 600 milljóna króna. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem íslenskt verkefni er styrkt af sjóðnum.

Sporlaus vinnsla á Hellisheiði

Markmið Silfurbergs-verkefnisins er að byggja nýja hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun sem mun fanga nær allt koldíoxíð og brennisteinsvetni úr útblæstri virkjunarinnar sem síðan verður dælt niður í nálæg basaltbergglög til varanlegrar steinrenningar með Carbfix tækninni. Þar með mun Orka náttúrunnar skipa sér í fremsta flokk grænnar jarðvarmanýtingar með sporlausri framleiðslu rafmagns og varma.

Carbfix-aðferðin virkar gegn loftslagsvánni

Carbfix hefur þróað tækni fyrir varanlega bindingu koldíoxíðs við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007 í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Tæknin krefst einungis rafmagns og vatns og hefur starfsemi óveruleg umhverfisáhrif. Tæknin felur í sér að leysa koldíoxíð í vatni og dæla niður í basaltberggrunninn þar sem náttúruleg ferli steinrenna það til frambúðar. Með þessu móti er koldíoxíðið varanlega bundið í steindum djúpt í berggrunninum og þannig komið í veg fyrir áhrif þess á loftslagið. Einnig er hægt að beita aðferðinni fyrir aðrar gastegundir á borð við brennisteinsvetni, en það hefur einnig verið fangað frá virkjuninni og dælt niður frá árinu 2014.

Stærri og öflugri hreinsistöð

Núverandi hreinsistöð Hellisheiðarvirkjunar fangar um 30% koldíoxíðs og um 75% brennisteinsvetnis úr útblæstri hennar, eða um 12 þúsund tonn

af koldíoxíði og um 7 þúsund tonn af brennisteinsvetni á ári. Styrkurinn sem Silfurbergs-verkefnið hlýtur verður notaður fyrir hönnun og byggingu stærri og öflugri stöðvar við virkjunina sem stefnt er að gangsetja árið 2025. Þar með verður nær öll losun koldíoxíðs og brennisteinsvetnis frá virkjuninni hreinsuð, eða um 34 þúsund tonn af koldíoxíði og um 12 þúsund tonn af brennisteinsvetni á ári.

Aðgerðir til að ná loftslagsmarkmiðum

Loftslagsáætlun Íslands gerir ráð fyrir 55% samdrætti í losun á koldíoxíði frá orkuframleiðslu og iðnaði sem fellur undir beina ábyrgð Íslands fyrir 2030. Silfurbergsverkefnið mun draga úr losun sem nemur um 10% af þessum samdrætti. Niðurstöður verkefnisins munu jafnframt gagnast til að minnka losun frá öðrum jarðhitavirkjunum bæði hér á landi og erlendis, auk þess sem mögulegt er að beita tækninni til að minnka losun frá annarri iðnaðarstarfsemi á borð við stálver, sementsframleiðslu og brennslu og urðun sorps. „Það er mikil viðurkenning fyrir ungt þekkingarfyrtæki eins og Carbfix að fá svo veglegan styrk úr nýsköpunarsjóðnum og til merkis um að kolefnisförgun með Carbfix tækninni er í senn hagkvæm og umhverfisvæn loftslagslausn sem getur haft áhrif langt út fyrir landsteinanna,“ segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix. Þá sagði Berglind Rán Ólafsdóttir framkvæmdastýra Orku náttúrunnar: „Nýja loftslags-skýrslan frá Sameinuðu þjóðunum sýnir að við verðum öll að gera betur í baráttunni gegn loftslagsvánni. Orkan frá ON – hvorttveggja rafmagnið og heita vatnið – er græn en við viljum, verðum og ætlum að gera enn betur. Á grunni styrksins stígum við stórt skref í átt að sporlausri starfsemi, metnaðarfullri og um leið nauðsynlegri vegferð sem öll fyrirtæki ættu að taka þátt í.“

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Opnun kosningaskrifstofu Framsóknar í Árborg

Opið hús 4. sept. kl. 14 - 16 Framsóknarhúsinu Eyravegi 15.
Sigurður Ingi ráðherra og formaður Framsóknar ávarpar samkomuna.
Kaffi og veitingar.



Hlökkum til að sjá ykkur!

Við opnum kosningaskrifstofur!

3. september kl. 20:00
Flúðum, Hrunamannavegi 3
5. september kl. 14:00
Selfossi, Tryggvaskála

Opinn fundur með frambjóðendum!

7. september kl. 20:00
Hveragerði, Mánamörk 1

D



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar

Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Leikskólakennari óskast

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Í Leikholti eru 35 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og stefnir í 44 eftir áramót. Í Leikholti vinna metnaðarfullir og faglegir starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á félagsfærni þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einnig erum við þátttakendur í vináttuverkefninu Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 895 2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 10. september og æskilegt er að geta hafið störf sem fyrst.

Leikskólinn Leikholt er staðsettur í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem er um 20 mín. akstur frá Selfossi.

Íþróttir

Selfoss leikur áfram í fyrstu deild

FÓTBOLTI Selfoss tryggði sæti sitt í Lengjudeildinni að ári þegar liðið sigraði Víking Ólafsvík í Lengjudeildinni. Vaskur stuðningsmannahópur Selfyssinga lagði leið sína í Ólafsvík og studdi liðið í leiknum.

Valdimar Jóhannsson kom Selfyssingum yfir eftir tæplega hálf tíma leik þegar hann skoraði með góðu skoti fyrir utan vítateig eftir flottan undirbúning Ingva. Valdimar var síðan aftur á ferðinni stuttu fyrir hálfleik þegar hann lagði boltann fyrir fætur Arons Einarssonar sem setti boltann í netið og staðan 0-2 í hálfleik.

Þriðja og síðasta mark Selfyssinga kom síðan frekar snemma í fyrri hálfleik en þar var á ferðinni Gary Martin sem skoraði en hann, ásamt öðrum leikmönnum, hefur farið á



Stefán Þór Ágústsson átti stórleik. Mynd: Hrefna Morthens.

kostum í síðustu leikjum liðsins.

Víkingar fengu síðan tækifæri til þess að klóra í bakkann stuttu síðar þegar vítaspyrnu var dæmd. Stefán Þór Ágústsson gerði sér hinsvegar lítið fyrir og

varði vítaspyrnuna, frábærlega gert hjá Stefáni!

Stefán og Selfossliðið hafa nú haldið markinu hreinu í tveimur síðustu leikjum og skorað í þeim sex mörk.

Selfoss hafði betur í Suðurlandsslagnum

FÓTBOLTI Selfoss vann öruggan 6-2 sigur á ÍBV í slagnum um Suðurlandið á Selfossi í Pepsi Max-deild kvenna sem fram fór á þriðjudag 24. ágúst. Selfoss heldur í við þrótt í baráttunni um þriðja sæti deildarinnar með sigrinum.

Stelpurnar frá Selfossi voru algjörlega frábærar í fyrri hálfleik og stjónuðu leiknum frá a-ö. Þær uppskáru mark strax á áttundu mínútu þegar að Caity Heap tók aukaspyrnu utan af velli, beint á kollinn á Krístrínu Rut Antonsdóttir sem stýrði boltanum af löngu færi í slánna og inn.

Annað mark leiksins kom rúmum tíu mínútum síðar þegar að Magdalena Anna Reimus gerði vel í að halda boltanum í leik og keyrði síðan upp völinn. Hún fann samherja sinn fyrir utan teig og Brenna Lovera skoraði falleg mark í nærhornið.

Tæpum fimm mínútum fyrir leikhlé áttu heimakonur hornspyrnu, og eftir mikinn



darraðadans í teignum náði Þóra jónsdóttir að moka boltanum yfir línuna og staðan því 3-0 þegar flautað var til hálfleiks.

Eyjakonur komu mun beittari til leiks í seinni hálfleik, en samt voru það Selfyssingar sem skoruðu fyrsta mark hálfleiksins. Susanna Joy Friedrichs kom boltanum þá inn á teig og gestirnir náðu ekki að hreinsa frá. Caity Heap tók þá boltann og kláraði færið vel.

Á 63. mínútu var Olga Sevcova kominn inn á teig Selfyssinga þegar að Eva Núra Abrahamsdóttir togaði hana niður og vítaspyrnu dæmd. Þóra Björg Stefánsdóttir fór á

punktinn og sendi Benedicte Háland í rangt horn og minnkaði þar með muninn í 4-1.

Fimm mínútum síðar fékk Viktorija Zaicikova boltann inn á teig Selfyssinga eftir hornspyrnu þar sem hún tók vel á móti boltanum með lærinu og lagði hann síðan í netið.

Eyjakonur sóttu mikið það sem eftir var leiks, en það opnaði glufur fyrir skyndisóknir hjá Selfyssingum. Þegar tíu mínútur voru til leiksloka slapp Brenna Lovera ein í gegn, en Auður varði vel í markinu. Brenna tók hinsvegar frákastið og kom honum á Magdalenu sem breytti stöðunni í 5-2.

Magdalena var svo aftur á ferðinni á annari mínútu uppbótartíma þegar að hún slapp ein í gegn eftir frábæra sendingu frá varamanninum Írisi Emblu Gissurardóttir sem var að spila sinn fyrsta leik í efstu deild á Íslandi. Magdalen gerði engin mistök og tryggði Selfyssingum öruggan 6-2 sigur.

Þjálfarateymið í Gjánni stækkar

KÖRFUBOLTI Selfoss Karfa hefur ráðið Frédéric Thuriés í starf aðstoðarþjálfara körfuboltaakademíu félagsins við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Jafnframt mun Fred aðstoða Chris Caird með m.fl. karla, taka að sér hlutverk yfirþjálfara yngri flokka og stýra liði 10. flokks kvenna, sem rekið er í samstarfi Selfoss, Hrunamanna og Hamars.

Fred er fæddur í Frakklandi og hefur áður verið hér á landi,

meira að segja á Selfossi, því hann kom haustið 2008 til að starfa við akademíuna. Vegna efnahagshrunsins varð dvöl hans þó stutt í það skiptið.

Fred kemur á Selfoss um næstu mánaðamót, en ráðningu hans bar brátt að af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Við erum afar ánægð með nýja starfsmanninn og bjóðum hann hjartanlega velkominn til félagsins.

-Selfoss karfa





Nýtt skrifstofuhótel og fjarvinnuver í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus, Landsbankinn og Þekkingarsetrið Ölfus Cluster hafa komist að samkomulagi um opnun skrifstofuhótel og vinnustofu með áherslu á fjarvinnu í Þorlákshöfn. Stefnt er að því að opna fjarvinnuverið 1. nóvember nk. í Hafnarbergi 1 þar sem útibú bankans er nú til húsa en útibúið færir sig um set í sama húsi. „Við hjá Sveitarfélaginu Ölfusi höfum um langt skeið átt afar farsælt samstarf við Landsbankann og erum því fyrst og fremst ánægð með að frábær þjónusta bankans hér í Þorlákshöfn verður tryggð. Fólksfjölgun hér er hröð og því afar mikilvægt fyrir okkur að tryggja aðgengi að þessari mikilvægu þjónustu. Bankaþjónusta um allan heim hefur verið að breytast og hjá okkur ríkir fullur skilningur á því að húsnaðisþörfin hefur líka breyst. Við erum líka þakklát fyrir að Landsbankinn sjái tækifæri í að halda hér áfram

þjónustu og þá ekki síður fyrir að þau skuli sýna metnað til þess að þróa samfélagið hér með okkur með aðkomu að uppbyggingu Þekkingarsetursins Ölfus Cluster og tilkomu skrifstofuhótel og vinnustofu,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.

Viðskiptavinir kjósa starfrænar lausnir

Lilja Björk Einarsdóttir, banka-stjóri Landsbankans, segir að viðskiptavinir kjósi í síðum mæli að nota stafrænar lausnir til að sinna bankaviðskiptum sínum. „Hægt er að fá nánast alla almenna bankaþjónustu í netbankanum, Landsbanka-appinu eða í hraðbönkum. Heim-sóknum í útibú hefur þar af leiðandi snarfækkað og húsnaðisþörfin breyst. Það er ánægjulegt að koma að þessari uppbyggingu í Þorlákshöfn og sjá húsnaðið fá nýtt og spennandi hlutverk. Við munum að sjálfsögðu halda áfram að einbeita okkar að því að gera líf viðskiptavina okkar

einfaldara með aðgengilegri þjónustu og góðri ráðgjöf. Það er Landsbanki nýrra tíma, segir Lilja Björk Einarsdóttir.

Covid flýtt þróun í fjarvinnslu

„Sveitarfélagið Ölfus og þá ekki síst Þorlákshöfn eru í mikilli og hraðri uppbyggingu. Fólki fjölga hratt hér og þarfir samfélagsins breytast samhlíða nýjum takti. Fjölmargir íbúar vinna störf sín í fjarvinnu og Covid-ástandið hefur flýtt þeirri þróun. Þörfin fyrir fjarvinnuaðstöðu hefur því vaxið hratt og við viljum mæta þeirri þörf með því að koma hér upp skrifstofuhótel og vinnustofu. Við höfum líka fengið fjölda fyrirspurna frá fyrirtækjum sem hér eru eða eru að flytja hingað og vilja fá afnot af skrifstofuhúsnaði. Þetta stóra skref gerir okkur einnig mögulegt að mæta þeirri eftirspurn, segir Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri Ölfus Cluster.

Eggert Valur uggandi yfir háum veggjöldum

Nokkuð hefur verið rætt um veggjöld yfir nýja Ölfusárbrú að undanfögnu. Sitt sýnist hverjum um álagningu gjaldanna en meðal þeirra sem þykir veggjaldið heldur hátt er bæjarfulltrúinn Eggert Valur Guðmundsson. „Það er mín skoðun að 400 til 700 krónur séu allt of há gjöld, í mínum huga eru veggjöld í eðli sínu óréttlátur skattur þó að það hefði verið hægt að sætta sig við einhverskonar málamynda gjald til þess að flýta fyrir þessari bráðnaðsýnlegu framkvæmd.

Ég sé fyrir mér verði þetta gjald innheimt hafi það ýmis neikvæð áhrif hér í Árborg, það liggur fyrir að einhverskonar þungatakmörkanir verða yfir gömlu brúnnar svo væntanlega þurfa vörubílar og stórir flutningabílar að greiða þetta



háa gjald sem fer að öllum líkindum beint inn í vöruverð og eykur byggingakostnað í sveitarfélaginu. Að auki þurfa þessir stóru og þungu bílar að nota gatnakerfi bæjarins meira sem er ekki í öllum tilfellum hannað fyrir slíka umferð.

Austurvegurinn á Selfossi verður á forræði sveitarfélagsins eftir að ný brú verður tekin í gagn, og til stendur að skipa vinnuhóp á næstu dög-

um sem skipaður verður fulltrúum frá sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum á miðsvæði Selfoss um hvert hlutverk aðalgötunnar verður í framtíðinni. Í allri umræðu um framtíðarhlutverk Austurvegarins hefur verið gengið út frá verulega minni umferð í gegnum bæinn þær forsendur geta að mínum dómi hæglega verið farnar út í veður og vind gangi þessar hugmyndir eftir.“



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Mið-Dalur A2 og A4 – Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lagt er til að gerð verði breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Breytingin felur í sér að lóðunum Mið-Dalur A2 og A4, sem eru landbúnaðarlandi (L), er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu (VB). Svæðið sem um ræðir er ca 3,5 ha að stærð.

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 6. september 2021 kl. 10:00 – 12:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 20. september 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Kirkjulækjarkot lóð 2 – Deiliskipulagstillaga

Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, skemmu og gestahúsi/geymslu. Heildarbyggingarmagn er ca 240 m². Stærð lóðar er ca 1,2 ha.

Borgir – Deiliskipulagstillaga

Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, bílskúr og gestahúsi. Heildarbyggingarmagn er ca 250 m². Stærð lóðar er ca 1,5 ha.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 1. september nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 13. október nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Bókin stækkar við hvern lestur og er óvægin við lesandann



og enginn vondur?

Hvaða boðskap telur þú að bókin geti fært okkur inn í umræðuna í dag? Helsti kosturinn við hana er kannski að hún er ekki að reyna að koma boðskap á framfæri. Hún er að segja frá hlutunum eins og þeir eru, fjalla um misnotkun og eitruð ástarsambönd á mennskian hátt. Það er kannski það sem vantar oft í umræðuna í svona málum, þar sem við skipum okkur í fylkingar með og á móti þolendum og gerendum og látum oft vanhugsuð orð falla. Þessi bók gefur okkur tækifæri til að hugsa, skoða málin frá öllum hliðum og mynda

okkur skoðanir í ímynduðu umhverfi. Þar er það nefnilega allt í lagi, annað en í raunveruleikanum.

Hvað finnst þér, eftir að hafa kafað djúpt í verkið, vera það markverðasta við bókina? Styrkurinn í þessu verki felst í því hvernig það neitar að taka afstöðu. Höfundur velur að segja þessa sögu frá sjónarhóli þolanda sem lítur ekki á sig sem slíkan. Þannig setur Russell undir svo marga leka í umræðunni og gefur fólki færi á að mynda sér eigin skoðun. Það markverðasta en óumdeilanlega líka það erfiðasta.

Er þetta kvennabók? Þetta er bók um kvennabyltingu en það gleymist gjarnan í umræðunni að svonalagað snertir karla líka. #metoo snýst ekki um öfga til að skerða frelsi karlmanna heldur miðar þessi umræða að bættu samfélagi fyrir allt fólk. Vanessa er innlegg í þessa umræðu sem snertir á ýmsum þáttum í menningunni sem stuðla að því að fólk geti farið yfir mörk hvers annars. Þetta er bók sem konur leggja frekar í en karlar ættu að hætta sér í.

Er þetta þitt fyrsta þýðingaverk og er von á fleirum? Reyndar þýddi ég, í samvinnu við Jón Magnús Arnarsson, aðra sjúka ástarsögu í fyrirvetur, Rómeó og Júlíu eftir Shakespeare. Sú þýðing hljómar þessa dagana á stóra sviði Þjóðleikhússins og verður vonandi bráðum aðgengileg öllum. Svo erum við hjá Króniku að svipast um eftir annarri skáldsögu – helst styttri og léttari en Vanessu, svo kannski auglýsi ég hér með eftir bókmenntalegri ástarsögu sem þarf að íslenska. Allt sem ég geri snýst jú um ástarsögur.

Vanessa mín myrka eftir Kate Elizabeth Russell, í þýðingu Hörpu Rúnar Kristjánsdóttur hefur vakið verðskuldaða athygli lesenda. Bókin segir frá tveimur tímabilum í lífi Vanessu Wye. Annars vegar þegar hún kemst fjórtaán ára gömul inn í virtan heimavistarskóla og á þar í eitruðu og vafasömu sambandi við kennara sem er þrefalt eldri en hún. Hins vegar sjáum við hana sautján árum síðar, í miðri fyrstu #metoo-bylgjunnar vestra, þar sem hún neyðist til þess að gera sambandið upp og horfast í augu við sjálfa sig og áhrifin sem það hefur haft á líf hennar.

Nú er bókin talsvert umdeild og var m.a. úthýst úr vinsælum bókaklúbbi vestan hafs. Hvað hvatti þig til að taka hana til þýðingar á íslensku? Það er bara eitt-hvað svo ómótstæðilegt við allt sem er umdeilt. Af hverju er það umdeilt? Hvað er svona hneykslanlegt. Að öllu gamni slepptu þá er þetta ein af þessum bókum sem mér finnst að þurfi að vera til í þýðingu. Hún talar beint inn í þjóðfélagsumræðuna í dag og snertir á málum sem er erfiðt að koma sér að því að ræða. Ég vildi að hún gæti komið að notum fólki sem les sér ekki endilega til gagns á ensku.

Hvernig var að takast á við að þýða svona tilfinningalega erfiða bók? Það var gríðarleg áskorun og eitthvað sem ég áttaði mig ekki endilega á þegar ég tók verkið að mér. Bókin stækkar við hvern lestur og er óvægin við lesandann, sem er gert að setja sig í ómöguleg spor. Fyrir utan allan ljótleikann fyrir konu sem les helst aldrei glæpasögu, þá eru siðferðisspurningarnar í bókinni erfiðastar. Með hverjum á að halda þegar enginn er góður

Heldur stofnanavæðing hálendisins áfram?

Erna Bjarnadóttir

skipar 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi



Í stjórnsáttmála núverandi ríkisstjórnarinnar stóð: „Stofnaður verður þjóðgarður á miðhálendinu í samráði þverpólitískrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila.“ Enga fyrirvara var þar að finna þó ýmsir vilji nú svo láta í veðri vaka. Við tók ferli sem sætt hefur mikilli gagnrýni. Fulltrúi Miðflokksins í þverpólitískum undirbúningshópi sem vann skýrslu, sem sögð er vera grundvöllur málsins, sagði sig frá þeirri vinnu á lokametrum hennar. Honum þótti m.a. ekki tekið tillit til athugasemda hag-

aðila með forsvaranlegum hætti. Fjölmargir hafa einnig lýst því samráði sem umhverfisráðherra viðhafði sem sýndarsamráði. Með frumvarpinu voru boðaðar víðtækar breytingar m.a. að hefðbundin landnýting sem landsmenn hafa átt rétt til frá öröfi alda, svo sem búfjárbreit, fuglaveiði og veiði í ám og vötnum, yrði sett undir reglugerðarvald eins ráðherra.

Bændasamtökin bentu réttilega á í umsögn sinni, að sveitarfélög hvers rekstrarsvæðis myndu eiga meirihluta fulltrúa í svokölluðu umhverfisráði. Hlutverk umhverfisráðs átti svo að vera að setja stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hvert rekstrarsvæði. En stjórn hálendisþjóðgarðs átti ekki að vera bundin af tillögum umhverfisráða. Til að kóróna allt skyldi ráðherra svo hafa heimildir til að gera breytingar á áætlun umhverfisráðanna og breytingar átti hvorki að þurfa að bera und-

ir stjórn hálendisþjóðgarðsins né umhverfisráðin sjálf. Umhverfisráðherra átti því að hafa visst einræði yfir stjórnkerfi þjóðgarðsins.

Af nefndaráli meirihluta ríkisstjórnarinnar í Umhverfis- og samgöngunefnd sést glöggst við hverju er að búast ef Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Vinstri-grænir halda ríkisstjórnarsamstarfi sínu áfram. Þar segir: „Að þessu virtu leggur meirihlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að leggja fram nýtt frumvarp um málið sem verði byggt á þeirri vinnu sem hér hefur verið rakin“

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn verða því engin fyrirstaða í vegferð Vinstri-grænna að stofnavæða hálendið. Miðflokkurinn hefur allt kjörtímabilið verið eina vörnin gegn þessum áformum.

Fæðingarþjónusta í heimabyggð

Guðrún Hafsteinsdóttir

oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi



Aðstæður á sængurdeild HSU eru ekki boðlegar og snúa verður við af þeirri hættubraut sem hefur myndast strax. Við höfum séð stanslaus skerðingu á þjónustu fyrir fæðandi konur á Suðurlandi sl. áratug og það er fyrir löngu komið nóg. Dregið hefur verulega úr fæðingum á svæðinu og konur þurfa að fæða í Reykjavík. Þar hefur aðstaðan hins vegar ekki verið stækkuð eða bætt og því óútskýrt hvað fæst með tilfærslunni, nema verri aðstæður fyrir mæður og börn þeirra.

Stutt er síðan aðstaðan á fæðingadeildinni á Selfossi var minnkun til muna. Í fyrrihaust fór hluti sængurýma undir líknarými. Nær hefði verið að létta á Landspítalanum með því að efla og færa þjónustu til sjúkrahúsa á landsbyggðinni, ekki síst í kragahúsunum svokölluðu, þ.e. í Reykjanesbæ, Selfossi og Akranesi. Þetta eru einmitt þau svæði sem hvað mesta fólksfjölgunin hefur verið á síðustu árum. Einkum hefur fjölgað þar í hópi ungs fólks á barneignaldri og fólks sem horfið er af vinnumarkaði. Því er ljóst að leysa verður vanda Landspítalans með öðrum hætti en að vega að grunnheilbrigðisþjónustu barnshafandi kvenna á Suðurlandi.

Til að bæta gráu ofan á svart stefnir í skort á ljósmæðrum

vegna lítillar endurnýjunar í hópi þeirra. Ekki síst er það mikið álag sem veldur því að ljósmæður brenna upp í starfi. Við þessu mætti bregðast með því að færa þjónustuna aftur út fyrir höfuðborgarsvæðið. Þar sem fólk getur búið sér framtíðarheimili og mögulegt er að bjóða upp á mannsæmandi aðstæður, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega.

Ég átta mig á að rekstur heilbrigðisstofnana er enginn hæðgarleikur, en ég trúi því ekki að farsælasta lausnin sé að færa þjónustuna sífellt til Reykjavíkur. Við Sunnlendingar búum flest í ört stækkandi samfélagi og þörfin fyrir þjónustu eykst um leið. Það er ekki sæmandi að nýjustu íbúarnir okkar, nýfædd börn og fjölskyldur þeirra, fái ekki þá þjónustu sem þau þurfa í heimabyggð.

Fiskur og fjallagrös

Guðbrandur Einarsson

skipar 1. sæti á lista Viðreisnar í Suðurkjördæmi.



Lausnir og loforð frambjóðenda um atvinnumál, í aðdraganda kosninga, hafa stundum verið skrautleg. Það skiptir máli hvernig byggja á upp atvinnu og fjölga eggjunum í körfunni. En ábyrgir stjórnmálamenn lofa ekki stóriðju í hvern bæ, fiskeldi í hvern fjörð og refa- og minkarékt í hvern dal. Við þurfum að fjölga eggjunum í körfunni, án þess að gera lítið úr nýjum hugmyndum með því að tala um lopapeysulið sem ætlar þjóðinni að lifa á fjallagrös.

Á hverju viljum við lifa?

Ný atvinnutækifæri byggjast á

þeirri sýn sem við höfum um menntamál og hvernig henni er framfylgt. Í kjölfar efnahagshrunsins, óx ferðajónustan verulega. Við græddum á því að íslenska krónan var lágt skráð og því var ódyrt að koma til Íslands og njóta hér þjónustu. Allt þar til íslenska krónan styrktist, vegna þess hve margir ferðamenn keyptu hér krónur sem hafði neikvæð áhrif á allar okkar útflutningsgreinar – og að lokum á íslenskan almenning.

Ferðajónustan er orðin ein af okkar helstu útflutningsgreinum en til að hafa hér fjölbreytt atvinnulíf þurfum við meira til. Við þurfum að skapa hér grunn fyrir mörg vel launuð störf fyrir vel menntaða þjóð. Til að bömunum okkar þyki Ísland spennandi kostur til að búa á og það sé samkeppnishæft þurfum við að byggja upp atvinnulíf sem byggir á hugviti og sköpun.

Menntum börnin okkar

Menntakerfið okkar þarf að miðast að fjórðu iðnbýltingunni og þeim breytingum sem þar verða á samfélaginu. Við þurfum að nýta alla þá krafta sem við höfum til að vinna að nýsköpun og þróunarstarfi. Þar þurfum við ekki að finna upp hjólið. Þegar Íslands var umsóknarríki að ESB, opnuðust t.d. alls konar möguleikar á að sækja um í sjóði ESB til þess að efla nýsköpun og þróunarstarf á Íslandi. Möguleikar sem því miður lokuðust aftur þegar umsóknarferlið var sett á ís.

Nýtum því möguleika okkur í samstarfi við vinabjóðir okkar í Evrópu, menntum börnin og sköpun þeim vettvang til þess að vinna við það sem þau hafa áhuga á.

Orkan og tækifæri komandi kynslóða



Ekkert stjórnmálaafl á lengri sögu í náttúruvernd en Sjálfstæðisflokkurinn. Það er óumdeilt. Rafvæðing þéttbýlis, hitaveita í stað kolakyndingar, uppbygging flutningskerfa raforku eru allt verkefni sem lutu stjórn eða voru ákveðin af Sjálfstæðismönnum í ríkisstjórn og sveitarstjórn. Á þeirri löngu vegferð leit Sjálfstæðisflokkurinn aldrei til baka og enn má setja stefnuna í eitt orð: AFRAM!


Ísland til fyrirmyndar
Engin verkefni í umhverfismálum hafa sett Ísland framár í loftslagsmálum en sjálfbær orkunotkun Íslendinga. Frá árinu 1990 hefur hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verið í kringum 85% en stefna Evrópusambandsins er að hlutfall endurnýjanlegrar orku í sambandinu, sem er 30% hafi aukist um 5% árið 2050. Ísland er í öðru sæti þegar kemur að fjölda rafbíla miðað við höfðatölu. Þar er keppt við Evrópuþjóðir sem hlaða rafbíla með raforku sem framleidd er úr kolaorku. Fiskiskipafloki Íslendinga hefur farið á undan með góðu fordæmi og minnkað jarðefnaeldsneytisnotkun frá árinu 2005 um 40% miðað við útflutt verðmæti. Ef aðrar þjóðir í heiminum væru á sama stað og við Íslendingar í losun

kolefnis væri engin umræða um loftslagsmál í heiminum. Við erum til fyrirmyndar en ætlum að gera betur.

Grænt atvinnulíf fyrir unga fólk
Abyrgð okkar í loftslagsmálum er að taka þátt með öðrum þjóðum í minni losun kolefnis. Að sama skapi er það mikilvægt framlag okkar til loftslagsmála í heiminum að nýta endurnýjanlega óbeislaða orku sem við höfum yfir að ráða. Í því felst ekki alhæfing að það eigi að virkja allt sem virkja má. Í þessum atriðum skiptir framlag Íslands miklu máli, þótt árangur þjóða heimsins velti ekki á framlagi Íslands. Atvinnutækifæri framtíðarinnar eiga að skapa fjölbreytt, vel launuð störf við framleiðslu í grænu atvinnulífi, eins og vetnisframleiðslu sem þarf mikla orku og þekkingu. Lífsgæði unga fólksins okkar byggja á forystu Íslands í umhverfisvænni atvinnustarfsemi, hreinleika landsins, gjöfulem fiskimiðum og heilbrigðum landbúnaði.

Sköpum framtíð
Allt tal um að eina hlutverk Íslendinga sé að leggja okkar af mörkum til minni losunar er rangt. Hlutverk okkar er ekki síður mikilvægt í því að nýta endurnýjanlega orkugjafa til að skapa framtíð fyrir unga fólk í landinu með fjölbreyttri grænni atvinnustarfsemi og fjölbreyttum störfum.

Hvernig endurreisum við samfélag?



Skilvirkni í viðbrögðum stjórnvalda eftir náttúruhamfarir er grundvöllur að markvissri enduruppbyggingu þess. Almenningsur er vel upplýstur í gegnum fjölmiðla um fyrstu viðbrögð og hugur fólks er hjá þolendum hamfaranna. En það sem minna sést, nema það snerti okkur beint, er sú langtíma þjónusta sem veitt er, líkt og fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð og endurvakning atvinnulífs.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna er endurreisn ferli ákvarðana og aðgerða sem miðar að því að endurheimta eða bæta lífsskilyrði samfélags sem lent hefur í áfalli. Fullmótuð endurreisnaráætlun skiptir sköpum fyrir samfélagið í heild, einkum þeirra sem fyrir áfallinu

verða. Með fullmótaðri endurreisnaráætlun eftir náttúruhamfarir er hægt að endurreisa innviði samfélagsins á sem skemmstum tíma. Reynslan hefur þó einnig sýnt að það má heldur ekki fara of geyst. Það verður að fara nógu hægt til að tryggja að raddir íbúa heyrist og að vel sé ígrundað hvort byggja eigi samfélagið upp aftur í sama horf eða hvort gera eigi breytingar í kjölfar hamfaranna og endurbyggja innviði og mannvirki með hliðsjón af nýjum raunveruleika. Gott endurreisnarferli er því vandasamt verk.

Sveitarfélög leika lykilhlutverk í að leiða endurreisnarstarfið í samstarfi við önnur stjórnvöld. En ef að áætlun er ekki til eða fólk sem leiðir endurreisnarferli hefur ekki fengið til þess fræðslu og þjálfun getur endurreisnin orðið ómarkviss, óskipulögð og jafnvel skapað þær aðstæður að neyðarástand sé viðhaldið lengur en þörf er á. Sem dæmi má nefna, að í skýrslunni Langtímaviðbrögð við náttúruhamför-

um kemur meðal annars fram að slíkar aðstæður hafi skapast eftir snjóflóðin í Súðavík, sem rakið var til þess að ekkert skipulag hafi verið til staðar við endurreisnina.

Við endurreisum samfélag með öflugum fólki sem hefur fengið til þess fræðslu og þekkingu. Við verðum að tryggja sveitarfélögum betri verkfæri og því þarf að skilgreina betur hlutverk sveitarfélaga við endurreisn og að tryggt sé að viðunandi þjálfun og fræðsla eigi sér stað til starfsmanna og sveitarstjórnarmanna. Með því að fjárfesta í fólk með þessum hætti erum við betur í stakk búin til þess að takast á við áföll og endurreisn eftir náttúruhamfarir og þannig getum við staðið vörð um vöxt og velferð samfélagsins, alveg sama á hvað dýnur.

Höfundur er frambjóðandi í 3. sæti á lista Framsóknar í Suðurnkjördæmi.



Loftmynd af Selfossi frá 1955

Á íbúasíðunni Selfoss - saga í myndum birt íbúi loftmynd af Selfossi frá árinu 1955. Eins og sjá má á myndinni hefur mikið vatn runnið til sjávar og bærinn dafnað.

RÓSK

IÐU-STREYMI

YFIRTAKA
TAKEOVER

A TURBU-LENCE

POP-UP 03.07.—22.12.2021
HAFIÐ KEMST VEL AF
ÁN OKKAR THE OCEAN
SURVIVES WITHOUT US

LISTASAFN
ÁRNESINGA

LÁ
ART MUSEUM

05.06—
31.10.2021

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TUNGUMÁL

Enskukennari
Óska eftir að ráða mér
enskukennara til að kenna mér
ensku. Sá sem stekkur á vagninn
mun ekki iðrast þess. Upplýs-
ingar í síma 483 3568.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

**Krani
&
tæki**

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 5.
september kl. 11. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edit A. Molnár,
prestur Arnaldur Bárðarson.

Hveragerðiskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkju-
kóri Hveragerðis - og Kot-
strandarsókna syngur, organisti
Miklós Dalmay. Fermingarbörn
og foreldrar boðin sérstaklega
velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 28. ágúst.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Kristinn Ólafsson
verður með ræðu. Velkomin.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944 - SELFOS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS



Gróska til gleði

Matjurtarækt í Bláskógaskóla Laugarvatni með hjálp tækninnar

Nú eru fræin fari að spíra
í Bláskógaskóla Laugar-
vatni. Skólinn er mikill útskóli
en núna er búið að færa nátt-
úruna enn frekar inn. Þar hófst
verkefnið Gróska til gleði og
snýst um að efla matjurtarækt í
skólanum með hjálp tækninnar.

Fræ til framtíðar, Homegrow
frá Bandaríkjunum, FabLab
og Bláskógaskóli Laugarvatni
koma að verkefninu en þar er sett
upp sérstök færanleg ræktunar-
stöð í skólanum. Nemendur
og kennarar skólans sjá svo um
að rækta plönturnar um leið og
þau prófa kerfið og námsefni
sem þau prófa í samstarfi við
Fræ til framtíðar og Homegrow.
Framtíðarmarkmiðið er svo að
sjálfvirkniþæða ræktunarstöðina
enn frekar með smátölvum,
skynjum og sérstöku appi sem
að Homegrow er að þróa.

Það er óhætt að segja að
verkefnið hafi nú þegar slegið
í gegn en mikill áhugi er meðal
nemenda og kennara fyrir því.
Bláskógaskóli Laugarvatni er
samrekin leik og grunnskóli,
það býður upp á mjög spennandi
möguleika í þessu verkefni þar
sem að hægt er að prófa það

hjá öllum aldurshópum. Stöðin
hóf skólaárið í leikskólanum
þar sem að nemendur þar fá
að kynast henni með sínum
kennurum. Meðfylgjandi mynd-
ir eru frá heimsókn Samuel í
leikskólanum þar sem nemendur
lærðu um plöntur, merktu þær
og settu niður sína eigin lauka.
Með verkefninu gefst nem-
endum tækifæri til að læra um
plöntur og lífríkið og að smakka
fjölbreyttar kryddjurtir. Nem-
endur í leikskólanum höfðu
reyndar tekið forskot á sæluna
í vor þegar þeir ræktuðu spíru
(microgreens) til að borða. Það
tókst vonum frammar og nem-
endur voru fljótir upp á lagið
með að bæta meira grænmeti í
hádegismatinn sinn.

Ræktunarstöðin fer svo um
skólann í vetur. Stefnir er að því að
nýta hana í náttúrufræðikennslu
á öllum stigum og leyfa henni
að vera til staðar í matsalnum.
Þar geta nemendur og kennarar
náð sér í fjölbreyttar kryddjurtir
og salat til að bæta út í hádegis-
hressinguna.

Sérfræðingar Homegrow og
Fræ til framtíðar verða skól-
anum innan handar eftir þörfum

en þeir hafa lagt mikið á sig
til að búa til þessa frumgerð.
Í framtíðinni má sjá fyrir sér
viðlíka stöðvar í öllum skólum
þannig að alstaðar sé hægt að
nýta þennan möguleika til náms
og gleði. Starfsfólk og nem-
endur þakka þeim Gunnari hjá
Fræ og Larissu og Samuel hjá
Homegrow fyrir aðstoðina.
Áhugi þeirra og innblástur er
einstakur og það er svo sannar-
lega gaman fyrir skólann að taka
þátt. Við þökkum einnig þeim
fjölmörgu sem að hafa stutt við
verkefnið á meðan það hefur
verið í vinnslu.

Verkefnið hefur fengið
styrki og stuðning frá Fab
Lab Íslandi, Fab Lab Ísafirði,
Fab Lab Reykjavík, Djúpinu
Bolungarvík, Tækniþróunar-
sjóði, Munasafn RVK Tool
Library, Samuel's Food Gard-
ens, Gróðrarstöðinni Ártanga
ehf, Sólheimum og Matarauð Ís-
lands svo eitthvað sé nefnt.

Áhugasamir geta svo heim-
sótt Facebook-síðu skólans og
heimasíðu í vetur þar sem stefnt
er á að setja reglulega inn fréttir
af verkefninu.

VIÐSPYRNUSTYRKUR

Við sækjum um fyrir þig!

➔ Hefur þú fengið tekjustyrk? Þá eru líkurnar á því að þú fáið viðspyrnustyrk góðar

➔ Hafðu samband og fáðu ráðgjöf, þér að kostnaðarlausu



s: 554 5414 | ferdavefir.is | upplýsingar@ferdavefir.is

Valborg Ólafsdóttir er Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2021

Í umsögn Menningarnefndar Rangárþings eystra segir að Valborg Ólafsdóttir hljóti þessa útnefningu fyrir frumlega tónlistar- og textagerð, tónlistarsköpun og lifandi flutning í sveitarfélaginu sem og annars staðar. Valborg er einnig tónlistarkennari við Tónlistarskóla Rangæinga og tekur því þátt í að miðla sinni reynslu og þekkingu til yngri kynslóðarinnar.



Valborg er virkilega vel að þessari nafnbót komin og óskum við henni hjartanlega til hamingju.

Valdið heim

Það er orðið ljóst að baráttan á landsbyggðinni verður á milli sósíalískrar byggðastefnu Sósíalista flokksins annarsvegar og gömlu landsbyggðaflokkanna Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Á vakt þessara tveggja flokka hafa völd og auður streymt frá landsbyggðinni. Gegn þessari eyðileggingarstefnu teflir Sósíalista flokkurinn fram sósíalískri byggðastefnu.

Heilbrigðisþjónustuna heim

Nýfrjálshyggjuvæðing almannaþjónustunnar hefur leitt til þess að heilbrigðiskerfið er út frá reiknilíkönunum úr Excel-skjölum í stað þess að miða þjónustuna við þörf íbúanna. Meira og meira af þjónustunni er flutt til Reykjavíkur. Fátækt fólk ræður illa við að sækja þjónustuna þangað. Heilbrigðisstarfsfólk er þrælað út. Fólk gefst upp í starfi þar sem það brennur einfaldlega út sem síðan leiðir til enn meira álags á þá sem eftir eru. Það þarf að stórauka fjármagn til heilbrigðiskerfisins.

Stórfelld uppbygging óhagnaðardrífins húsnæðis.

Gegn einkavæðingarstefnu nýfrjálshyggjunnar teflum við Sósíalista fram öflugri húsnæðisstefnu þar sem við viljum byggja 30 þúsund óhagnaðardrífna íbúðir út um allt land. Það er ekki bara fólk á höfuðborgarsvæðinu sem býr í leiguhúsnæði, á Suðurlandi eru fjölmargar fjölskyldur að greiða bröskurum okurleigu. Þessu munum við Sósíalista breyta.

Guðmundur Auðunsson

Oddviti J-lista
Sósíalista flokks
Íslands í
Suðurrkjördæmi



Sósíalísk landbúnaðarstefna og gjaldfrjálst vegakerfi

Framsóknar og Sjálfstæðisflokkurinn hafa ávallt lagt áherslu á stórbýli og milliliði. Gegn þessu tefla Sósíalista alvöru landbúnaðarstefnu sem leggur áherslu á smærri- og millistór býli og uppbyggingu fjölskyldurekinnar ferðaþjónustu. Við viljum veita afslátt á raforkuverði til gróðurhúsaræktar og setja búsetuskildu eða aðrar takmarkanir á jarðir sem seldar eru. Sósíalista hafna algjörlega stefnu Samgönguráðherra, Sigurðs Inga Jóhannssonar, um vegagjöld. Vegagjöld eru skattur á lágtækjufólk og fólk sem þarf að ferðast daglega vegna vinnu.

Valdið heim

Grundvallarstefna Sósíalista flokksins er að fá valdið og þjónustuna heim í byggðirnar. Sósíalista flokkurinn er landsbyggðarflokkur og sósíalísk byggðastefna er eitt af lykilstefnumálum flokksins. Ákvörðun okkar sem kjósenda í haust er því gífurlega mikilvæg. Kjósum því J-lista Sósíalista flokks Íslands í Alþingiskosningunum 25. september næstkomandi.



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir alþingiskosningar 25. september 2021

Auglýsing þessi er jafnframt tilkynning til umboðsmanna lista í samræmi við 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fer fram sem hér segir:

Selfoss og nágrenni:

Fangelsið Sogni, Ölfusi

föstudaginn 10. september kl. 13:00-14:00

Sólheimar í Grímsnesi

miðvikudaginn 15. september kl. 13:00-14:00

Þjónustumiðstöð aldraðra, Grænumörk 5, Selfossi

mánudaginn 20. september kl. 10:00-11:00

Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir

föstudaginn 24. september 10:00-12:00

Eyrarbakki:

Dvalarheimilið Sólvellir, Eyrarbakka

þriðjudaginn 7. september kl. 10:00-11:00

Fangelsið Litla-Hrauni, Eyrarbakka

fimmtudaginn 9. september kl. 10:00-11:00

Hveragerði:

Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20

þriðjudaginn 14. september kl. 09:30-11:30

Heilsustofnun NLFÍ

föstudaginn 17. september kl. 13:00-14:00

Hella:

Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili

mánudaginn 13. september kl. 10:00-11:00

Hvolsvöllur:

Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili

mánudaginn 13. september kl. 13:00-14:00

Vík:

Hjallatún, dvalarheimili

fimmtudaginn 9. september kl. 12:00-13:00

Kirkjubæjarklaustur:

Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili

fimmtudaginn 9. september kl. 16:00-17:00

Höfn:

Skjólgarður, dvalarheimili

þriðjudaginn 21. september kl. 13:00-14:30

Atkvæðagreiðslan er einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is, þar sem nálgast má eyðublöð og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Mikill fjöldi á ferð um Uppsveitir Árnessýslu í sumar



Geysissvæðið er ávallt vinsæll áfangastaður.

Eins og gengur er fólk á flakki yfir sumartímann. Í Uppsveitum Árnessýslu er fjöldi vinsælla áfangastaða og því ekki úr vegi að spyrja út í ferðasumarið. Dagskráin hafði samband við Ásborgu Arnþórsdóttur, ferðamálafrú í Uppsveitum Árnessýslu og ræddi við hana um ferðamennsku sumarsins. „Þegar á heildina er litið finnst mér þetta hafa verið gott sumar, sem fór fram úr vonum miðað við aðstæður.“

Íslendingar duglegir að ferðast innanlands

Þegar við spyrjum Ásborgu um fjölda ferðamanna og samsetningu segir hún: „Það hefur verið mjög mikill fjöldi af fólki á ferðinni í Uppsveitunum í sumar. Íslendingar hafa verið duglegir að ferðast innanlands og njóta og svo eru erlendir ferðamenn komnir líka, það hefur töluverð aukning orðið að undanförunu.“ En Ásborg segir jafnframt að Íslendingarnir hafi verið fleiri framan af en síðar hafi fjölgun erlendra ferðamanna aukist mjög.

Fyrirtækin staðið sig vel í að aðlagast aðstæðum

Þegar við ræðum við Ásborgu um þær áskoranir sem ferðabjónustan hefur orðið fyrir

vegna Covid-19 kemur fram að fyrirtækin hafi glímt við óvissu og sveiflur sem hafi það í för með sér að erfitt sé að gera áætlanir fram í tímann. „Fyrirtækin hafa þurft að aðlagast sig mjög breyttum aðstæðum á margvíslegan máta og oft með stuttum fyrirvara. Mér finnst þeim hafa tekist afar vel til við það. Og víða hefur verið mjög mikið að gera í sumar sem betur fer.“

Íslendingar að upplifa landið á jákvæðan hátt

Við spyrjum út í hvort ferðahæðun sé öðruvísi hjá Íslendingum en erlendum ferðamönnum. Ásborg tekur fram að ferðamenn séu vissulega mismunandi eins og þeir séu margir. „Íslendingar hafa verið að upplifa sitt eigið land á jákvæðan hátt og sumir sem hafa ekki ferðast mikið innalands áður segja margt koma skemmtilega á óvart. Þeir hafa prófað allt mögulegt og mér finnst að upplifun þeirra á því að vera ferðamenn í eigin landi hafi verið jákvæð.“ Þá segir Ásborg að henni þyki að Íslendingar séu uppteknari af veðrinu og elti gjarna góða veðrið. „Áhugamálín eru fjölbreytt, margir heimsóttu tjaldsvæðin í sumar og örugglega hafa svo til allir farið í sund. Íslendingar

nýttu sér alls kyns afþreyingu og veitingastaði í meira mæli en áður.“

Óskir um lengri dvöl á svæðinu mögulega að rætast

Hvar finnst þér að meginþungi ferðamanna hafi verið á svæðinu í sumar? „Það er ekki hægt að segja annað en að þeir hafi verið alls staðar, fólkið dreifðist um svæðið allt. Þannig að kannski er það að gerast sem við höfum vonað að fólk dvelji lengur og fari víðar um og njóti.“ Það er ekki hægt að sleppa Ásborgu við að reyna að spá fyrir um framtíðina. „Það er erfitt að spá en ég leyfi mér að vera bjartsýn og vona að við förum að sigla örugglega út úr þessu ástandi, það eru ýmsar blikur á lofti sem benda til þess. Ferðabjónustan í Uppsveitunum er allavega tilbúin, ótrúleg seigla í því fólki,“ segir Ásborg að lokum.

-gpp

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

Hjólbarðabjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
d+hbokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbiíi
Siggaferðir
- Flutningabjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 / 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfarabjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

OKUSKÓLI
Meirapróf í fjarnámi
hefst 16. sept. á netinu
okuskoli.is - thrainn@okuskoli.is - 892 9594

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is